



1. Skóli sem sinnt hefur vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi

Hrafnagilsskóli í Eyjafjarðarsveit hefur um árabil vakið athygli fyrir framsækni og farsælt skólastarf. Sýn skólans er sú að allir hafa hið góða í sér og möguleikann til að verða betri manneskjur. Þessi einkunnarorð endurspeglast í væntingum starfsfólks til nemenda. Virðing þeirra fyrir nemendum kemur fram í því hvernig þeir ræða við þá og hlusta á sjónarmið þeirra. Skólaheit nemenda er: „Ég kem í skólann til að læra og nýta hæfileika mína til fulls.“

Í daglegu skólastarfi fer fram umfjöllun um dygðir þar sem ábyrgð, góðvild og virðing eru kjarninn. Samverustundir allra nemenda eru fastur liður í skólastarfinu. Þar er rætt um dygð mánaðarins og nemendur á öllum aldri koma fram og kynna viðfangsefni sín og ræða mál sem þeim liggja á hjarta. Hafa nemendur fengið viðurkenningu fyrir góða hegðun utan skólans, t.d. á íþróttamótum.

Undir sterkri forystu stjórnenda hefur skólinn lagt áherslu á framsækni í kennsluháttum og námsmati. Nýjustu umbótaskref skólans felast í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum, samkennslu, áformum nemenda um nám, námsmöppum, samvinnuprófum og sjálfsmati. Skólinn leggur metnað sinn í að taka vel á móti öllum nemendum og þykir taka einstaklega vel á móti nemendum sem hafa sértækar þarfir í námi.

Hrafnagilsskóli starfar í nánnum tengslum við samfélagið. Almenn ánægja er meðal foreldra með skólastarfið og gildir þá einu hversu ríkar þarfir börn þeirra kunna að hafa. Foreldrar telja sig hafa gott aðgengi að starfsmönnum skólans en skólinn býður foreldrum og nemendum að kennarar komi í heimsókn á heimili þeirra til að ræða um nám og kennslu og væntingar til skólastarfsins. Náin samvinna er við leikskólann og tónlistarskólann og mánaðarlegt fréttablað skólans berst inn á hvert heimili í sveitarfélaginu.